

Ed.

469. Breytingartillögur

við frumv. til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

Frá dómsmálaráðherra.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929 og 1930, enda greiði það ekki hluthöfum arð á því tímabili.

2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:

Árin 1929 og 1930 skal fjelagið einnig vera o. s. frv.

3. Á eftir 2. gr. skal koma ný grein, svo hljóðandi:

Meðan fjelagið er undanþegið tekju- og eignarskatti, skal því vera skylt að veita alt að 60 mönnum á ári ókeypis far til útlanda og heim aftur á skipum fjelagsins, 30 á hvorn farrými, fyrsta og öðru, samkvæmt úthlutun mentamálaráðs Íslands.